



Efnisyfirlit

Inngangur	5
Hagnýtar upplýsingar	6
Skrifstofuþjónusta	6
Nefndir og ráð	6
Aðkoma að skólanum	6
Ástundun nemenda	7
Leyfi frá skóla	8
Mötuneyti	8
Nestismál nemenda	8
Nemendur	8
Stjórnun skólans og starfsfólk	10
Starfsmenn Hofsstaðaskóla	10
Skipurit	10
Skólaráð	11
Skólaárið og skóladagatal	11
Sérstakir dagar	11
Skóladagur nemenda	12
Félags- og tómstundastarf	12
Bekkjarskemmtanir	12
Skólakór	13
Nemendafélag	13
Skólabragur	13
Leiðarljós Hofsstaðaskóla	13
Skólareglur	16
Tilhögun kennslu	16
Smiðjur – list- og verkgreinar	18
Viðmiðunarstundaskrá	18
Lestrarstefna	20
Námsmat	20
Foreldrar	20
Miðlun upplýsinga til foreldra	20
Foreldra- og nemendasamtöl	21

Foreldrafélag.....	21
Skólaþjónusta.....	22
Sérkennsla	22
Nemendavernd	23
Námsráðgjöf.....	23
Sálfræðiþjónusta.....	24
Skólaheilsugæsla.....	24
Talkennsla.....	24
Túlkapjónusta	24
Ýmsar áætlanir.....	25
Brúum bilið.....	25
Úr sjöunda í áttunda	26
Kynningar á skólum	26
Auglýsingar	26
Kynningarfundir í skólum	26
Heimsóknir 7. bekkinga	26
Miðlun upplýsinga vegna nemenda.....	27
Frístundaheimili	27
Mat á skólastarfi og skólaþróun.....	27
Skólaþróun	28
Símenntun	30

Inngangur

Samkvæmt 29 gr. grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir gerð þeirra og skal semja þær í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi, mögulegan stuðning fyrir nemendur af ýmsu tagi og almennar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers skólaárs. Starfsáætlun skóla skal árlega lögð fyrir skólanefnd til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitastjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Hér birtist starfsáætlun Hofsstaðaskóla fyrir skólaárið 2020-2021.

Allt starf í skólanum þetta haustið litast af forvörnum gegn COVID-19, fjöldatakmörkunum og sóttvarnarreglum. Ekki er hægt að sjá fyrir hvernig það allt saman fer. Allt kapp verður lagt á að fylgja áætlunum og halda uppi námi og kennslu eins og best verður á kosið. Upplýsingatækni er liður í öllu námi og nemendur eru undirbúnir undir hugsanlegt fjarnám ef til þess kemur að loka þurfi skólanum um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar um skólann og skólastarfið er hægt að nálgast á vef skólans <http://hofsstadaskoli.is>.

Hagnýtar upplýsingar

- Hofstaðaskóli v/Skólbraut 210 Garðabæ. Símanúmer skólans: 590 8100
 - Netfang: hskoli(hjá)hofsstadaskoli.is
 - Vefsíða: [www.http://hofsstadaskoli.is](http://hofsstadaskoli.is)
 - Skólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir s: 617 1591
 - Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir
 - Deildarstjórar stiga: Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Margrét Erla Björnsdóttir
 - Deildarstjóri stoðþjónustu: Bergljót Vilhjálmisdóttir
 - Húsvörður: Birgir Ottósson
 - Frístundaheimilið Regnboginn: Umsjónarmaður Breki Dagsson/Vala Ósk Arnbjörnsdóttir s: 617 1598
- Aðstoðarmaður umsjónarmanns: Emma Ljósbrá Friðriksdóttir/Breki Dagsson

Skrifstofuþjónusta

Skrifstofa skólans er opin frá kl. 8.00–15.30 mánudaga til fimmtudaga og frá 8.00-15.00 á föstudögum. Skólaritari er H. Linda Stefánsdóttir.

Nefndir og ráð

Skólaráð:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir skólastjóri. Aðstoðarskólastjóri situr fundi skólaráðs og ritar fundargerðir. Guðbjörg S. Petersen og Hafrún Lilja Elíasdóttir fulltrúar kennara, Hrönn Kjærnested varamaður. Erla Guðmundsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna Elín Sigurðardóttir varamaður. fulltrúar nemenda, varamenn. Heiða Birna Guðlaugsdóttir fulltrúiforeldra. Krístrún Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð fundar u.þ.b. fjórum sinnum á ári.

Öryggisráð/Öryggistrúnaðarmenn:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir, Birgir Ottósson, Anna Ágústa Hauksdóttir og Ágústa Steinarsdóttir

Félagslegir trúnaðarmenn:

Guðrún Helga Sigurðardóttir og Halldóra Björk Sigurðardóttir trúnaðarmenn kennara.

H. Linda Stefánsdóttir trúnaðarmaður almennra starfsmanna í STAG.

Aðkoma að skólanum

Hofstaðaskóli er staðsettur við Skólbraut í Garðabæ. Hann er í öruggu göngufæri við flest hverfin í kring og eru undirgöng undir Bæjarbraut og göngustígar úr Akrahverfi, Bæjargili og Mýrum. Ekið er eftir Bæjarbraut og beygt inn á Skólbraut, framhjá Fjölbautaskólanum í Garðabæ og ípróttamiðstöðinni Mýrinni. Bílastæði eru á malarstæði við Skólbraut og norðan megin við skólann. Þegar nemendum er ekið í skólann er mikilvægt að aka út á enda hringtorgsins og stöðva þar til þess að koma í veg fyrir að löng röð bíla myndist. Bæði nemendur og starfsmenn eru hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann. Það er bæði hollt og umhverfisvænt og samræmist stefnu skólans sem er *Heilsueflandi grunnskóli*.

Ástundun nemenda

Góð ástundun er mikilvægur þáttur í að nemendum líði vel og þeir nái árangri í námi og taki framförum. Í skólanum er haldið skipulega utan um ástundun nemenda í Mentor. Stuðst er við punktakerfi sem fyrst og fremst er hugsað sem skráningarkerfi um mætingu, heimanám og fleira. Lögð er áhersla á að nemendur í 1. – 3. bekk séu ekki gerðir ábyrgir fyrir punktastöðunni. Það er mat skólans að foreldrar/forráðamenn beri ábyrgð á ástundun ungra nemenda.

Sumir ástundunarflokkar eru tengdir stigum og ástundunareinkunn sem samhliða auknum stigafjölda. Við 5 stig lækkar einkunnin í 9,5 og við 10 stig í 9,0 o.s.frv. Punktakerfið er fyrst og fremst hugsað til skráningar og til að vekja athygli á því þegar misbrestur verður á ástundun nemenda. Ástundunareinkunn birtist ekki á vitnisburðarblaði en sést í samantekt ástundunar sem ritari sendir heim í byrjun hvers mánaðar.

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að fylgjast reglulega með ástundun barna sinna á Fjölskylduvef Mentor. Sérstakur verkferill er til staðar ef skólasókn er ábótavant. Í grunnskólum Garðabæjar eru samræmdar vinnureglur í gildi. Annars vegar lúta þær að óútskýrðum fjarvistum og hins vegar að veikindum/leyfum. Verklagsreglurnar má lesa á: http://hofsstadaskoli.is/skolinn/_skola_reglur-hofsstada_skola_astundun/

Ástundunarflokkar eru eftirtaldir:

Seint	1
Fjarvist (óútskýrð)	2
Skilar ekki heimanámi*	1
Vantar gögn (áhöld og bækur)*	1
Vantar íþróttaföt/sundföt*	1
Veikindi	0
Leyfi	0
Las ekki heima	0
Stendur sig vel í kennslustund	0
Vann ekki í kennslustund	0
Fer ekki eftir fyrirmælum	0
Truflar kennslu	0
Er ekki með nesti	0
Horfði á íþróttir/sund	0

*Í fyrsta sinn sem skráð er í flokkinn lækkar einkunnin ekki þ.e. allir fá eitt tækifæri.

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við umsjónarkennara. Sé um lengri tíma að ræða en tvo daga skal sækja um það skriflega til skólastjóra. Þar til gerð eyðublöð er hægt að nálgast á skrifstofu og vefsíðu skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Sjá eyðublað um leyfi: <http://www.hofsstadaskoli.is/skolinn/eydublod/>.

Öryggi nemenda

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta s.s. veikindafaraldra, óveðurs, eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun *Almannavarna ríkisins*. Áætlunin er aðgengileg á vef skólans og Garðabæjar: <http://hofsstadaskoli.is/hagnytt/oryggi-nemenda/>. Hver skóli gerir eigin áætlanir og verkferla um

ýmislegt er varðar öryggi nemenda s.s. áfallaáætlun, forvarnaráætlun, eineltisáætlun og rýmingaráætlun. Sjá nánar á <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/aaetlanir-og-verklag/>

Mötuneyti

Garðabær hefur gert samning við *Skólamat* sem sér um framleiðslu og framreiðslu á heitum mat fyrir nemendur í hádeginu. Nemendur geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða staka daga. Nemendur skammta sér sjálfir mat en þurfa að slá inn lykilorð í tölvu áður. Nemendur sem koma með nesti að heiman hafa aðgang að örbylgjuofni og samlokugrilli. Eldri nemendur hafa einnig aðgang að heitu vatni. Nánari upplýsingar um matseðla o.fl. er að finna á www.skolamatur.is.

Nestismál nemenda

Ákveðnar reglur gilda um nestismál nemenda í anda manneldismarkmiða og til að minnka úrgang í skólanum. Í morgunnesti koma nemendur með ávexti, grænmeti og brauð. Þeir hafa að auki vatn og safa í glösum eða margnota flöskum. Í hádeginu geta þeir sem ekki eru í mataráskrift komið með mjólkurvörur ef þeir vilja auk þess sem margir koma með samlokur og mat að heiman sem þeir hita upp. Öðru hvoru fá nemendur að koma með svokallað sparinesti á skólatíma en ekki er leyfilegt að koma með sælgæti, orkustangir, gosdrykki eða orkudrykki. Poppkorn og sætabrauð er dæmi um sparinesti.

Nemendur

Skólaárið 2020-2021 eru 573 nemendur í skólanum, 303 drengir og 270 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur einn umsjónarkennara

- 1. bekkur 73 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 2. bekkur 71 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 3. bekkur 75 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 4. bekkur 87 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 5. bekkur 80 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 6. bekkur 90 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 7. bekkur 97 nemendur í fjórum umsjónarhópum

Yfirlit yfir bekki, fjölda drengja, stúlkna og umsjónarkennara

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. bekkur	42	31	73	Birna Björk Ólafsdóttir, Hildur Björk Guðmundsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir, Sigurlaug Stefánsdóttir
2. bekkur	44	27	71	Bryndís Stefánsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir, Hafrún Lilja Elíasdóttir
3. AH	9	8	17	Anna Ágústa Hauksdóttir
3. ÁS	8	10	18	Ágústa Steinarsdóttir
3. BSv	11	9	20	Bryndís Svavarsdóttir
3. HH	11	9	20	Hildur Helga Kristjánsdóttir
4. EB	13	9	22	Eva Björnsdóttir
4. LBE	14	8	22	Lára Björg Einarisdóttir
4. RJ	11	9	20	Ragna Jóhannsdóttir
4. SH	13	10	23	Sólbjörg Harðardóttir
5. EJJ	7	12	19	Edda Júlía Helgadóttir
5. HBS	10	11	21	Halldóra Björk Sigurðardóttir
5. JBI	8	12	20	Jóhanna Beck Ingibjargardóttir
5. ÖM	10	10	20	Ölrún Marðardóttir
6. GSP	11	9	20	Guðbjörg Sigríður Petersen
6. GHS	13	10	23	Guðrún Helga Sigurðardóttir
6. ÓP	14	9	23	Ólafur Pétursson
6. SEG	12	12	24	Sylvía Guðrún Eggertsdóttir
7. AS	11	14	25	Anna Ýr Sigurðardóttir
7. AP	6	18	24	Anna Þóra Jónsdóttir
7. HK	13	11	24	Hrönn Kjærnested
7. LH	12	12	24	Lára Hreinsdóttir
Samtals				


Stjórnun skólans og starfsfólk

Starfsmenn Hofsstaðaskóla

Við skólann starfa 101 starfsmenn.

44	Kennarar. Allir nema einn eru með kennsluréttindi og allir nema níu í 100% starfshlutfalli.
5	Stjórnendur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar.
6	Sérfræðingar; þrír þroskaþjálfar, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi og bókasafnsfræðingur.
9	Skólaliðar í 50-100% starfi, húsvörður, matráður starfsmanna og skólaritari.
11	Stuðningsfulltrúar í 70-100% starfi.
22	Umsjónarmaður og aðstoðarumsjónarmaður frístundaheimilis og 12 leiðbeinendur í 25-50% starfshlutfalli eða tímavinnu. Stuðningsfulltrúar vinna einnig í frístundaheimilinu. Að auki vantar starfsfólk í frístundaheimilið.
2	Skólahjúkrunarfræðingur og stundakennari í forritun.
2	kennari og leiðbeinandi í tilfallandi forfallakennslu

Skipurit



Skólaráð

Við skólann starfar skólaráð (skv. lögum nr. 91, 8. gr.) sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitastjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð er skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra/forráðamanna, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á starfi þess. Mikilvægt er að fulltrúi foreldra tengist stjórn foreldrafélagsins til þess að skapa góð tengsl. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir skólaráðs er að finna á: <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/skolarad/>

Skólaárið og skóladagatal

Skóladagar nemenda eru 180. Kennsludagar nemenda eru 174 og dagar þar sem verulega er brugðið frá lengd skóladags eru alls sex skólaárið 2019-2020. Þeir dagar eru: Skólasetningardagur, tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, dagur vegna jólaskeppmtunar, öskudagur og skólaslitadagur. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 3. janúar. Vetrarleyfi er frá 22. til og með 26. febrúar og páskaleyfi er frá 29. mars til og með 5. apríl. Kennsla fellur niður vegna fimm skipulagsdaga kennara á skólaárinu, 16. september, 23. október, 24. nóvember og 25. maí. Skipulagsdegi í vetrarleyfi er dreift og þeir teknir í janúar og júní. <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/skoladagatal/>.

Sérstakir dagar

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum til að auðga skólastarfið og styrkja skólamenninguna. Stundum er skóladagurinn með breyttu skipulagi. Að hausti er *Ólympíuskólahlaupið* haldið með þátttöku allra nemenda. Umferðinni er gefinn gaumur með sérstakri umferðarviku. Í nóvember eru haldnir svo kallaðir *HS leikar*, *Hofsstaðaskólaleikar* sem eiga sér fyrirmynd í *Fjölgreindakenningu Howard Gardner*. Þá tvo daga sem leikarnir standa er öllum nemendum skipt í lið þvert á árganga og fara liðin á milli stöðva undir dyggri leiðsögn fyrirliða sem eru úr hópi eldri nemenda. Á stöðvunum reynir á ýmsa hæfileika eða „greindir“ og er annar dagurinn alfarið í íþróttahúsinu þar sem hreyfigreindin er í fyrirrúmi. Líklegt er að breytingar verði gerðir á HS leikum í ár og jafnvel að þeir falli niður vegna COVID-19. Á öskudaginn er hefðbundin stundaskrá lögð til hliðar, nemendur og starfsmenn klæðast búningum og gera sér glaðan dag við ýmis konar leiki.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur í skólanum 16. nóvember með dagskrá á sal. Bókasafnið gerir sér dagamun á *Degi bókarinnar*, *Bókasafnsdeginum* og *Bangsadeginum*. Síðasta dag fyrir jólaleyfi

koma bekkir saman með umsjónarkennara og halda hátíðlega stund. Að lokinni skemmtidagskrá er dansað kringum jólatré. Í febrúar halda 6. bekkingar þorablót og bjóða foreldrum sínum í þorramat og

stiginn er dans. Fyrir þorablótið fer fram undirbúningsvinna sem felst í því að kynna sér hefðir og venjur ásamt því að æfa hina ýmsu dansa. 1. bekkingar halda 100 daga hátíð þegar 100. skóladeginum er náð. Í október fara 7. bekkingar í *Skólabúðir* á Reykjum í Hrútafirði og dvelja þar með kennurum sínum í viku. 7. bekkingar halda árshátíð í apríl. Forvarnavika er haldin í tengslum við forvarnadag forseta Íslands. Í tengslum við *Dag umhverfisins*, 25. apríl er haldin umhverfisvika þar sem unnin eru margvísleg verkefni sem tengjast umhverfisvitund og verndun umhverfisins. Nemendur skólans taka að sér að hreinsa Arnaneslækin og nánasta umhverfi hans. Listadagar barna og ungmenna í Garðabæ eru haldnir annað hvert ár. Að vori er haldinn íþróttadagur með grillveislu og þá er boðið uppá fjölbreytta möguleika í hreyfingu og útileikjum.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8.30 og lýkur á tímabilinu kl. 13.30-14.10. Tvo daga í viku lýkur skóladegi eldri nemenda á bilinu 14.30-14.50 og í yngri bekkjum eru stakir sundtímar í lok skóladags. Kennslustundir eru almennt 40 mínútur að lengd en í svo kölluðum smiðjum eru kenndar tvær stundir í senn. Íþróttir og sund er kennt í Mýrinni og er gert ráð fyrir 10 mínútum á undan og eftir íþrótt- og sundtímum svo nemendur hafi tíma til þess að hafa fataskipti, fara í sturtu og koma sér á milli húsa.

Tvær tímatöflur eru í gangi í skólanum og á önnur við yngri nemendur og hin við eldri. Kenndar eru tvær stundir hjá yngri nemendum að morgni en þrjár hjá eldri. Þá eru 20 mínútna frímínútur. Um hádegisbil er gert 20 mínútna matarhlé og síðan eru 30 mínútna frímínútur hjá yngri nemendum og 20 hjá eldri. Gert er ráð fyrir því að allir nemendur fari út í frímínútum. Ef þeir koma með miða frá foreldrum geta þeir fengið að vera inni í kennslustofu t.d. eftir veikindi.

Skólahúsið er opið frá kl. 7.40 á morgnana og starfsfólk mætir á bilinu 8.00-8.30. Nemendum er heimilt að mæta í skólann fyrir kl. 8.00 á morgnana og geta farið inn í stofur en engin gæsla er fyrir kl. 8.00. Þá taka skólaliðar og stuðningsfulltrúar á móti nemendum og gæta þeirra þar til kennsla hefst. Sérstök gæsla er höfð í svo kallaðri *Morgunstund* í 1. og 2. bekk. Nemendur fá 15 mínútna nestistíma og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofum sem nemendur koma með að heiman en í hádegishléi er borðað í matsalnum. Nemendur koma annaðhvort með nesti að heiman eða kaupa hádegisverð í skólanum. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum lengd viðvera í frístundaheimilinu *Regnboganum*. Sjá nánar á bls. 24.

Félags- og tómstundastarf

Bekkjarskemmtanir

Bekkjarskemmtanir eru u.þ.b. tvisvar á vetri og eru þær haldnar í samráði við bekkjarfulltrúa. Nemendur bjóða foreldrum/forráðamönnum á skemmtanirnar. Foreldrar/forráðamenn geta einnig haldið bekkjarskemmtanir fyrir utan þær hefðbundnu sem kennarar skipuleggja og stendur þá til boða afnot af húsnæði skólans. Haldin eru skemmtikvöld fyrir heilan árgang s.s. þorablót, árshátíð og diskótek í 7. bekk.

Skólinn hvetur til þess að vinahópar séu starfræktir í yngri bekkjunum og er markmið þeirra að nemendur og foreldrar/forráðamenn kynnist betur.

Skólakór

Skólakór er starfandi fyrir nemendur í 4. – 7. bekk. Kóræfingar eru einu sinni í viku og oftast ef unnið er að stærri verkefnum. Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari er stjórnandi kórsins.

Nemendafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum sem á m.a. að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum þeirra. Ofantalin atriði eru höfð að leiðarljósi í nemendafélagi Hofstaðaskóla. Tveir fulltrúar eru úr hverri bekkjardeild og tveir til vara af sitt hvoru kyninu. Fulltrúar eru valdir með því að kjósa á milli þeirra nemenda sem sýna áhuga. Hver fulltrúi situr eitt skólaár. Fundir eru haldnir a.m.k. tvisvar á skólaári auk funda með hverjum árgangi. Deildarstjóri eldri deilda stjórnar fundum og heldur utan um nemendafélagið ásamt skólastjóra. Starfsáætlun og fundargerðir nemendafélagsins eru að finna á vef skólans undir slóðinni: <http://hofsstadaskoli.is/nemendur-/nemendafelag/>

Skólabragur

Leiðarljós Hofstaðaskóla

Leiðarljós skólans er: Velliðan, virkni, verkmennt, víska og vinnusemi. Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og að góður vinnuandi sé ríkjandi. Allir sem í skólanum starfa stuðla að og viðhalda góðum starfsanda þar sem öryggi, velliðan og heilbrigði eru í fyrirrúmi. Gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð, tillitssemi og kurteisleg framkoma er höfð að leiðarljósi. Námsagi einkennist af því að tillit sé tekið til þarfa nemenda, þroska þeirra og hæfni með áherslu á mannréttindi, jafnrétti, lýðræðisleg vinnubrögð og bann við mismunun af öllu tagi.



Virðing

Við ætlum að:
bera virðingu fyrir sjálfum
okkur og öðrum
temja okkur jákvæð
samskipti
efla traust og umhyggju

Verkmennt

Við ætlum að:
hafa trú á eigin getu
efla skapandi vinnu
læra að njóta menningar og
lista

Vellíðan

Við ætlum að:
skapa öruggt umhverfi
sýna umburðarlyndi og
þolinmæði
styrkja sjálfsmynd okkar

Vinnusemi

Við ætlum að:
stefna að hámarksárangri
temja okkur sjálfsaga
nýta tímann vel

Viska

Við ætlum að:
auka þekkingu okkar
læra að læra
gera okkar besta

Leiðarljós skólans og skólareglur marka ramma utan um skólabrag. Við viljum hafa hlýlegt umhverfi og glaðlegt viðmót í skólanum. Við virðum rétt allra til þess að tjá eigin skoðanir og að þær séu virtar. Við stuðlum að því að nemendur læri að vinna á sjálfstæðan og gagnrýnninn hátt í síbreytilegu þjóðfélagi. Við berum ábyrgð, höfum trú hvert á öðru og því sem við gerum. Nánar um leiðir að settum markmiðum:

Virðing

Við ætlum að bera virðingu fyrir sjálfum okkur og öðrum með;

- góðu fordæmi
- tækifærum fyrir alla
- umburðarlyndi.

Við ætlum að sýna öðrum traust og umhyggju með;

- trúnaði í orði og verki
- þolinmæði
- samstöðu
- að vera fús að fyrirgefa.

Við ætlum að temja okkur jákvæð samskipti með;

- kurteisi
- skilningi
- hjálpfýsi.

Við ætlum að bera virðingu fyrir umhverfi okkar með;

- góðu fordæmi í allri umgengni
- virða bæði manngert og náttúrulegt umhverfi
- kynnast náttúrunni og læra að vernda hana.

Vellíðan

Við ætlum að skapa öruggt umhverfi með;

- góðum reglum
- hlýlegu viðmóti
- hjálpssemi.

Við ætlum að sýna umburðarlyndi og þolinmæði með;

- sanngirni
- jákvæðni
- því að vera góð hvert við annað.

Við ætlum að styrkja sjálfsmynd okkar með;

- hvatningu
- hrósi og brosi.
- því að vera hvetjandi
- því að vera skapandi
- því að gera vinnu okkar sýnilega.

Við ætlum að efla skapandi vinnu með;

- fjölbreyttum verkefnum
- frumkvæði
- góðu námsumhverfi

Við ætlum að njóta menningar og lista með;

- því að læra um menningu og listir
- því að fylgjast með listviðburðum
- kynnisferðum.

Verkmennt**Við ætlum að öðlast trú á eigin getu með;****Vinnusemi****Við stefnum að hámarksárangri með;**

- skýrum markmiðum
- góðu skipulagi
- vandvirkni.

- raunhæfum kröfum
- ábyrgð á eigin verkum
- þolinmæði.

Við nýtum tímann vel með;

- iðjusemi og ástundun
- góðum vinnureglum
- góðri samvinnu.

Við temjum okkur sjálfsaga og metnað með;**Viska****Við ætlum að gera okkar besta með;**

- athygli
- því að nýta okkur margs konar miðla
- því að þjálfra gagnrýna hugsun.

Við lærum að læra með;

- góðum vinnureglum
- frumkvæði
- upplýsingaöflun
- samvinnu.

Við gerum okkar besta með;

- jákvæðum samræðum
- miðlun reynslu
- virku samstarfi.

Skólareglur

Samkvæmt reglugerð nr. 1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðlað er að jákvæðri hegðun og miðað er að því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda. Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra/forráðamenn. Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og leitast er við að ná sem víðtækastri sátt um þær. Á hverju ári eru skólareglur kynntar nemendum og foreldrum þeirra og birtar á vef skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð og skyldur. Sérstakur starfshópur mun yfirfara og endurskoða skólareglurnar á skólaárinu. <http://hofsstadaskoli.is/-skolinn/skolareglur-hofsstadaskola/>

Tilhögun kennslu

Misjafnt er eftir árgögnum hvernig skipulag hópa er. Í yngri deild, 1. til 4. bekk er teymiskennsla og blöndun hópa innan árganga. Í eldri deild, 5. – 7. bekk er hefðbundnara skipulag, hópur og umsjónarkennari en nemendum blandað í færnimiðaða hópa. Í öllum árgögnum er blöndun í smiðjur þvert á hópa þannig að nemendur blandast vel og kynnast hver öðrum sem styrkir þá félagslega og eykur samkennd innan árganga.

1. bekkur

Nemendur eru 73 og eru í tveimur hópum í tveimur stórum kennslustofum og kenna tveir kennarar hvorum hópi í teymiskennslu. Til viðbótar er þriðja kennslustofan og rúmgóður gangur svo hægt er að skipta nemendum upp í smærri hópa allt eftir viðfangsefnum. Hringekjuform er notað í íslensku og stærðfræði og þá fara nemendur á milli stöðva í litlum hópum. Verkefni eru margvísleg og ýmist nokkuð sjálfstýrandi eða þá að kennari er með innlögn og stýrir verkefnum. Nemendum er raðað í hópa að hausti og síðan eru hópar endurskoðaðir eftir því sem á líður og þeim breytt. Þannig kynnast nemendur vel og eiga fleiri möguleika á að tengjast. Þeir kynnast líka öllum fjórum kennurunum vel.

2. bekkur

Nemendur eru 71 og eru í þremur hópum og einn kennari með hverjum hópi í kennslustofu. Til viðbótar eru tvær litlar stofur og rúmgóður gangur. Fjórdi kennarinn kemur inn í Hringekjur í íslensku og stærðfræði átta tíma á viku. Þá fara nemendur á milli stöðva í litlum hópum. Verkefni eru margvísleg og ýmist nokkuð sjálfstýrandi eða þá að kennari er með innlögn og stýrir verkefnum. Nemendum er raðað í hópa að hausti og síðan eru hópar endurskoðaðir eftir því sem á líður og þeim breytt. Þannig kynnast nemendur vel og eiga fleiri möguleika á að tengjast. Þeir kynnast líka öllum þremur kennurunum vel.

3. bekkur

Nemendur eru 75 í fjórum hópum í fjórum kennslustofum og einn kennari með hvern hóp. Hringekjur eru í íslensku og stærðfræði og þá blandast nemendur þvert á hópa og kynnast vel. Hópar munu halda

sér út skólaárið. Árgangurinn var í þremur hópum á síðasta skólaári en var skipt upp í fjóra hópa í haust vegna fjölda nemenda.

4. bekkur.

Nemendur eru 87 í fjórum hópum í fjórum kennslustofum. Raðað var í hópa eftir óskum nemenda og halda hóparnir sér út skólaárið og kennir sami kennari hverjum hóp. Hringekjur eru notaðar til þess að blanda nemendum í ýmsum verkefnum. Tvisvar í viku hver hálfur hópur í sund og þá er hálfur hópur í tíma hjá umsjónarkennara. Sundhópar eru kynjaskiptir sem hefur gefist mjög vel. Nemendur í 4. bekk þreyta samræmt könnunarpróf í lok september.

5. bekkur

Nemendur eru 80 í fjórum hópum í fjórum kennslustofum. Raðað var í nýja hópa í haust og gat hver og einn valið sér einn til tvo bekkjarfélaga. Umsjónarkennari kennir hverjum hóp fyrir sig. Formleg enskukennsla hefst og færnimiðað nám í stærðfræði. Fjöldi nemenda í þeim hópum er misjafn og kenna sérkennarar hluta hópanna.

6. bekkur

Nemendur eru 90 í fjórum hópum í fjórum kennslustofum. Umsjónarkennarar kenna hver sínum hóp. Enska og stærðfræði eru kenndar í færnimiðuðum hópum sem eru mis fjölmennir.

7. bekkur

Nemendur eru 97 í fjórum hópum í fjórum kennslustofum. Umsjónarkennarar kenna hver sínum hóp. Enska og stærðfræði eru kenndar í færnimiðuðum hópum sem eru mis fjölmennir. Dönskukennsla hefst og kennir dönskukennari öllum hópum. Nemendur þreyta samræmt könnunarpróf í lok september.

Smiðjur – list- og verkgreinar

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum og ýmsum öðrum greinum í 11-14 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 5-7 sinnum á vetri. Smíði, textíll, myndmennt og heimilisfræði er kennd í lotum í 1.-7. bekk í 80 mínútur tvisvar í viku. Sund er einnig í lotum hjá þessum árgöngum nema 4. bekk þar sem hverjum bekk er skipt í tvo hópa og fer hver hópur í sund einu sinni eina kennslustund á viku allan veturinn. Auk þess fá hópar úr 1., 2., 3., 5. og 6. bekk, 1x40 mínútur í sund í lok skóladags. Í 1. bekk eru smiðjulotur í 60 mínútur. Í öðrum árgöngum 80 mínútur. Fleiri greinar koma inn í smiðjuskipulag, sjá töflu hér fyrir neðan. Tónmennt er kennd í eina stund á viku í 1. - 6. bekk. Í 7. bekk er tónmennt í smiðjum. Gerð er nánari grein fyrir ráðstöfun tíma í smiðjum hér

Námsgrein	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b
Enska	1			1			
Eðlisvísindi	1,5			1	2	2	
Bókasafn	0,5	0,5	0,5	2			
Batik og bönd (textílmennt)			2				
Forritun				2	2	2	2
Heimilisfræði	3	4	4	4	4	4	4
Heimildavinna bókasafn						2	
Heimspeki				1			
Hugarfrelsi/vináttupjálfun	1,5	1	1	1	1		
Jafnréttisfræðsla				1			
Leikur að læra	1,5	1					
Myndmennt	3	4	4	4	4	4	4
Námstækni					1		
Náms- og starfsfræðsla							2
Ritun				1			
Smíði	1,5	4	4	4	4	4	4
Stærðfræðiþrautir				1			
Textílmennt	1,5	4	4	4	4	4	4
Tónmennt							2
Tölvufærni	1		1	2	2	2	2
Leiðtogafærni				1			
Sund	3	3	3,5	1	4	4	3
Þrautalausnir		1					

Viðmiðunarstundaskrá

Kennsla er skipulögð skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðunarstundaskrá liggur til grundvallar. Í 1. bekk eru kenndar 31,5 stundir og í 2.-4. bekk 32 stundir á viku sem er tveimur stundum umfram viðmiðunarstundaskrá. Í 5.-7. bekk eru kenndar 35 stundir. Hver stund er 40 mínútur og geta kennslulotur verið 30, 40, 50, 60 eða 80 mínútur að lengd. Enn fremur getur háttað þannig til að kenndar séu hálfar kennslustundir eða 20 mínútur t.d. á eftir matartíma. Markmið og innihald kennslunnar er sett fram í kennsluáætlunum sem kynntar eru á haustfundum með foreldrum. Í töflunni hér að aftan er gerð grein fyrir vikulegum kennslustundafjölda í hverri námsgrein eða námssviði.

Skipting námsgreina skólaárið 2020-2021

Námsgrein / árgangur	1.b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	10	8,5	8,5	8	7,5	7	7
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur							
Sviðslist og tjáning	*	*	*	*	*	*	*
Stærðfræði	5,5	5,5	5,5	5	5	5	5
Samfélagsgreinar: Samfélagsfræði, saga, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði og heimspeki	3+1***	3+1***	3+1***	3+1***	4+1***	4+1***	4+1***
Náttúrugreinar: Náttúrufræði, eðlisvísindi, efnafræði, jarðvísindi, lífvísindi, umhverfismennt	3	3	3	3	4	4,5	3,5
Enska		1	1	2	3	3	3
Danska							3
Tölvur	1	1	1	1	1,5	1,5	1,5
Hringekja							
Salur/samsöngur (sjónlistir)	1	1	1	1	1	1	1
List- og verkgreinar	3	4	4	4	4	4	4
Tónmennt	1	1	1	1	1	1	
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund**	1	1	1	1	1	1	
Samtals	31,5	32	32	32	35	35	35

*Stjörnumerkir reitir í **íslensku** skilgreina þá þætti sem kenna á. Ekki þarf að skrá á stundatöflu nemenda hvað verið er að kenna í íslenskutímum.

** **Sund** er kennt á námskeiði í smiðjuskipulaginu í öllum árgöngum nema 4. bekk. Auk þess fara nemendur í 1.- 3. og í 5.- 6. b. bekk í sund 1x1 tíma í lok skóladags. Sundtímar eru 40 mín. í 1. og 2. bekk, 50 mín í 3. bekk en 60 mín. í 5. - 7. bekk. Allir sundtímar í lok skóladags og hringekju eru 40 mín. 4. bekkingar eru í sundi allan veturinn eina kennslustund á viku, á meðan er hinn helmingurinn af bekknum hjá umsjónarkennara.

** **Lífsleikni/Bekkjarfundur**, ein stund af samfélagsgreinatímum

Lestrarstefna

Í skólanum er unnið eftir lestrarstefnu sem er endurskoðuð og uppfærð reglulega á vefsíðu skólans. <http://hofsstadaskoli.is/namid/lestrarstefna/> Mikil áhersla er lögð á alla þætti læsis, s.s. ritun, lestur, lesskilning og hlustun. Samvinna er á milli heimilis og skóla um læsisnám nemenda. Viðmið um lestur eru þau sömu og hjá Menntamálastofnun og er notast við lesferil hraðlestrarpróf, Orðarún lesskilningspróf og Aston Index staðlað stafsetningarpróf. Unnið er með fjölbreyttar aðferðir í læsiskennslu í öllum árgöngum og eru nemendum sem ekki ná rennsli í lestrinum boðið upp á átaksverkefni í samvinnu við aðstandendur. Auk þess að boðið er upp á sérkennslu í litlum hópum til að styðja við læsi.

Námsmat

Í Hofsstaðaskóla er lögð áhersla á að veita góða yfirsýn yfir stöðu nemandans í hverri námsgrein. Í skólanum er stuðst við hæfniviðmið þar sem unnið er að einstaklingsmiðuðu námi, fjölbreyttum kennsluháttum og vel skilgreindu námsmati. Kennarar beita fjölbreyttum aðferðum við kennslu og námsmat þar sem leitast er við að byggja námsmat í skólanum sem mest á leiðsagnarmati sem metur fjölbreytta hæfni nemenda til lengri tíma. Nemendum er ljóst hvaða hæfniviðmið er verið að meta hverju sinni og við hvaða matskvarða hæfniviðmiðin tengjast. Nemendur fá reglulega upplýsingar um hæfni og getu á hverjum tíma en með þessum hætti er lögð áhersla á að bæði nemendur og foreldrar fái tilfinningu fyrir hæfni nemandans og hvert viðkomandi nemandi stefnir með vaxandi hugarfarar að leiðarljóri. Í öllum námsgreinum 1. - 7. bekkjar þurfa kennarar að styðjast við og meta hæfniviðmið með eftirfarandi matskvarða; *framúrskarandi hæfni* – *hæfni* náð – á góðri leið – þarfnast þjálfunar – *hæfni* ekki náð – lokið/ólokið. Allar upplýsingar um hæfni og námsframvindu nemenda eru að finna á Mentor.is.

Nemandi sem er veikur eða í leyfi þegar próf fer fram

Ef foreldrar biðja um leyfi fyrir nemanda þegar próf fer fram tekur nemandinn prófið áður en hann fer í leyfi ef mögulegt er (próf er tilbúið). Annars tekur nemandi próf eftir að leyfi/veikindum lýkur ef ekki er búið að ganga frá vitnisburði. Þetta á við ef nemandi getur tekið próf án teljandi aðstoðar. Ef t.d. um munnleg fyrirmæli er að ræða s.s. í stafsetningu eða framsögn þá er ekki mögulegt að leggja próf fyrir tiltekinn nemanda. Taki nemandi ekki próf kemur fram á vitnisburðarblaði að hann hafi ekki tekið próf vegna leyfis/veikinda

Foreldrar

Miðlun upplýsinga til foreldra

Vefur Hofsstaðaskóla er settur upp með það að markmiði að hann gagnist sem best foreldrum/forráðamönnum og öðrum þeim er finna þurfa upplýsingar um skólann. Hann er hagnýtur og auðvelt er að rata um hann. Þar má finna flesta þætti um skólastarfið sem koma eiga fram í skólanámskrá og reglulega eru settar inn stuttar fréttir og ábendingar. *Myndasíðan* er sívirk og kennarar eru duglegir við að setja inn myndir úr skólastarfinu. *Atburðadagatalið* er mjög hagnýtt því þar er að finna nánari útfærslu á skóladagatalinu og birtar eru upplýsingar um viðburði og

vettvangsferðir. *Facebooksíða* skólans er mjög virkur miðill og mikið notaður. Foreldrafélagið er einnig með *Facebooksíðu*.

Skólinn nýtir hluta þeirra möguleika sem fyrir hendi eru á [Fjölskylduvefnum mentor.is](https://fjolskylduvefnum.mentor.is). Þar eru birtar heimavinnuáætlanir nemenda og umsjónarkennarar setja inn fréttir, tilkynningar og upplýsingar. Foreldrar/forráðamenn geta fylgst með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Þeir geta einnig skráð á vefnum ef börn þeirra forfallast frá skóla.

Að hausti eru haldnir fundir með foreldrum/forráðamönnum í hverri bekkjardeild þar sem áherslur í starfinu eru kynntar ásamt helstu reglum og vinnuferlum. Foreldrar/forráðamenn fá tækifæri til þess að hitta aðra foreldra/forráðamenn og umsjónarkennara barna sinna. Þeir velja sér bekkjarfulltrúa sem hafa frumkvæði að viðburðum innan bekkjarins.

Sími er einnig nýttur til samskipta. Foreldrar/forráðamenn geta komið skilaboðum til kennara í gegnum skrifstofu skólans og sent þeim tölvupóst. Fyrir utan þessa rafrænu möguleika eru bein samskipti alltaf í fullu gildi. Foreldrar/forráðamenn geta beðið um fund þegar þess gerist þörf.

Kennarar svara ekki síma eða tölvupósti í kennslustundum. Ritari tekur skilaboð og kennarar nýta eyður og undirbúningstíma eftir skóla til þess að svara pósti og hafa samband við foreldra/forráðamenn.

Foreldra- og nemendasamtöl

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í formlegt samtal til umsjónarkennara tvisvar á ári í október og janúar. Í samtölunum í október gefst nemendum og foreldrum/forráðamönnum tækifæri til þess að hitta umsjónarkennara og ræða saman um líðan nemandans, skólabyrjun og námið í heild sinni. Kennarinn fær tækifæri til þess að hrósa og hvetja eða fara yfir það sem betur mætti fara í hegðun og ástundun nemandans. Nemendur ásamt foreldri/forráðamanni, fylla út *Leiðsagnarmat* sem lagt er til grundvallar í samtalinu. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals.

Í janúar er tækifæri til þess að ræða saman um líðan og frammistöðu nemandans, farið er yfir námsárangur á miðjum vetri, hrósað og hvatt og gerð áætlun um það sem betur má fara. Til grundvallar liggur námsframvinda haustannar. Aðrir kennarar en umsjónarkennarar eru einnig til viðtals.

Fyrir utan þessi formlegu samtöl stendur foreldrum/forráðamönnum til boða að panta samtal við umsjónarkennara eins oft og þurfa þykir. Einnig eiga umsjónarkennarar og foreldrar/forráðamenn í reglulegum samskiptum bréflega eða í síma. Sérkennarar og sérfræðingar kalla foreldra/forráðamenn til fundar þegar tilefni er til s.s. til kynningar á einstaklingsnámskrá, vegna lestrarátaks eða greininga.

Foreldrafélag

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Félagið er enn fremur samstarfsvettvangur foreldra/forráðamanna sem uppallenda. Stjórn félagsins skipa sex fulltrúar foreldra/forráðamanna valdir úr röðum bekkjarfulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins er haldinn í ágúst/september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Upplýsingar um fulltrúa, starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á: <http://www.hofsstadaskoli.is/foreldrar/foreldrafelag/>. Foreldrafélagið er aðili að Grunnstoð sem er samtök foreldrafélaga grunnskólanna í Garðabæ.

Stjórn foreldrafélags Hofstaðaskóla 2020-2021

Heiða Birna Guðlaugsdóttir - formaður og gjaldkeri
Helga Rún Helgadóttir - meðstjórnandi

Þorgerður Elín Brynjólfsson - meðstjórnandi
Sigríður Sigurjónsdóttir - meðstjórnandi

Skólaþjónusta

Sérkennsla

Í grunnskóla lögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga um leik- og grunnskóla nr. 584/2010 á hver og einn rétt á kennslu við sitt hæfi, getu og þroska og skal grunnskólinn laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því ber að skipuleggja skólastarfið í heild út frá þörfum allra nemenda og skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum. Í Hofstaðaskóla er leitast við að finna leiðir til að mæta þessu hlutverki á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Helstu markmið sérkennslu eru:

- að styrkja samfellu í námi nemenda sem fá stuðningskennslu
- að styrkja sjálfsmynd nemenda
- að nemendur fái kennslu í samræmi við þroska og námsstöðu
- að styrkja nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum
- að treysta samskipti við foreldra/forráðamenn.

Í Hofstaðaskóla er gott stuðningsnet á bak við nemendur. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað skólastarf og að koma til móts við þarfir hvers og eins. Kennsla er skipulögð með ýmsum hætti til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda m.a:

- Lotukennsla í list- og verkgreinum
- Hringekja
- Misstórir námshópar
- Færni miðað nám í ensku og stærðfræði á eldri stigi
- Samvinna innan árgangs og milli árganga
- Samvinna við sérkennara og þroskaþjálfara áhersla á teymisvinnu

Í sérkennslu felst m.a:

- Gerð námsáætlunar fyrir einstaka barn eða hópa í samvinnu við umsjónarkennara.
- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Kennsla sem felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/ eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla. Aðaláhersla á lestur og stærðfræði.
- Nýbúnafræðsla, ætluð nemendum sem hafa annað tungumál en íslensku að móðurmáli eða hafa dvalið langdvölum erlendis.

Nemendur fá sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, svo sem leikskólakennara, talmeinafræðings, kennara, deildarstjóra og foreldra. Að vori ræða sérkennarar við umsjónarkennara um stöðu nemenda og meta þeir sameiginlega þörf fyrir sérkennslu á komandi skólaári. Sérkennslutímum er skipt milli nemenda í samræmi við þarfir þeirra og endurskoðun fer fram fjórum sinnum á ári.

Nemendavernd

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 er starfrækt nemendaverndarráð í skólanum. Það starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastjóri, deildarstjórar, námsráðgjafi og skólasálfræðingur. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur skv. reglugerð um nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig er hlutverk nemendaverndarráðs að starfa að velferðarmálum nemenda og hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd sérkennslu í skólanum.

Fundir eru haldnir vikulega. Sálfræðingur situr fundi tvisvar í mánuði og skólahjúkrunarfræðingur og fulltrúi félagsþjónustunnar situr einnig fundi ráðsins einu sinni í mánuði. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í ráðinu um sérstök málefni. Umsjónarkennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um umsjónarnemanda sinn og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Námsráðgjöf

Námsráðgjafi skólans er Helga Rúna Þorsteinsdóttir og er hún í 100% starfi. Viðtalstími er eftir samkomulagi. Hægt er að hringja og panta tíma í síma 590 8100 eða senda tölvupóst á helgaruna-hja@hofstadaskoli.is

Námsráðgjafi er málsvari nemenda og trúnaðarmaður. Til námsráðgjafa geta nemendur og foreldrar /forráðamenn leitað í ýmsum málum. Allt sem snertir velferð nemenda og stuðlar að vellíðan þeirra bæði í skólanum og utan hans tengist starfi námsráðgjafans. Námsráðgjafi vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn eftir því sem við á og hefur samráð við aðra sérfræðinga innan og utan skólans, kennara, sérkennara, hjúkrunarfræðing, skólasálfræðing og skólastjórnendur og vísar málum til þeirra eftir því sem við á. Helstu verkefni námsráðgjafa eru að:

- standa vörð um velferð allra nemenda
- vera talsmaður nemenda
- veita ráðgjöf og fræðslu um námstækni og próftækni
- leiðbeina nemendum um vinnubrögð í námi
- veita hópráðgjöf /fræðslu vegna námstækni, samskiptavanda og fleira
- veita nemendum einstaklingsráðgjöf
- veita persónulegan og félagslegan stuðning við nemendur
- aðstoða nemendur við að auka þekkingu þeirra á sjálfum sér þannig að þeir fái betur notið sín í námi og starfi
- undirbúa nemendur undir flutning milli skóla
- taka á móti nýjum nemendum
- sinna forvörnum í samstarfi við aðra starfsmenn skólans
- sitja nemendaverndarráðsfundi
- vinna að bættum samskiptum innan skólans
- taka þátt í áfallaráði
- er í eineltisteymi

Sálfræðipjónusta

Sálfræðingar er starfa á Skóladeild sinna nemendum Hofstaðaskóla eins og þörf krefur. Sálfræðingur fundar með nemendaverndarráði skólans tvisvar í mánuði og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því. Foreldrar/forráðamenn geta einnig leitað til sálfræðings skólans á skóladeild Garðabæjar. Hlutverk skólasálfræðings er fyrst og fremst sálfræðileg greining á vanda í námi eða líðan nemanda. Hann veitir ráðgjöf til nemenda, foreldra og starfsmanna skólans vegna náms- eða tilfinningavanda nemanda en ekki meðferð. Deildarstjóri sérkennslu, umsjónarkennarar og sérkennarar vinna í nánu samstarfi við sálfræðing.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem framkvæmdar eru á fundi með umsjónarkennara og deildarstjóra viðkomandi stigs. Foreldrar geta óskað eftir skriflegri greinargerð um niðurstöður skólasálfræðings. Bæði starfsmenn skólans og foreldrar/forráðamenn geta óskað aðstoðar skólasálfræðings og skal það gert á sérstökum eyðublöðum: <http://www.-hofsstadaskoli.is/skolinn/eydublod/>.

Skólaheilsugæsla

Heilsugæslan er á vegum Heilsugæslu Garðabæjar. Ása Sæunn Eiríksdóttir er skólahjúkrunarfræðingur. Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu. Helstu verkefni skólahjúkrunarfræðings eru:

- Reglulegar heilsufarsathuganir og ónæmisaðgerðir
- Heilbrigðisfræðsla og ráðgjöf
- Eftirlit með húsakynnum og aðbúnaði

Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðmenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem veita skólabarninu þjónustu. Starfsfólk heilsugæslunnar er bundið þagnarskyldu. Skólahjúkrunarfræðingur eða starfsmenn skóla veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn.

Talkennsla

Talmeinafræðingur kemur í skólann eftir samkomulagi. Hann metur málþroska og eða framburð nemenda og fylgir eftir þar sem það á við. Hann skilar niðurstöðum til skólans og foreldra og veitir ráðgjöf á grundvelli niðurstaðna bæði til kennara og foreldra. Ef tilefni er til þá vísar talmeinafræðingur nemanda áfram í talþjálfun.

Túlkapjónusta

Þjónusta túlka er veitt og er hún á kostnað skólans. Skólinn gerir samning við túlkapjónustu og sér um að panta þjónustuna.

Ýmsar áætlanir

Í Hofsstaðaskóla eru fyrirbyggjandi ýmsar áætlanir sem fela í sér ákveðið vinnulag og styrkja starfsfólk í starfi. Allar áætlanir er að finna vef skólans.

- Áfallaáætlun
- Áhættumat
- Gegn einelti í Garðabæ
- Forvarnaáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Móttökuáætlun nýbúa
- Móttökuáætlun starfsmanna
- Rýmingaráætlun
- Stefna um einelti og kynferðislega áreitni
- Öryggisáætlun – viðbrögð við óveðri

Brúum bilið

Brúum bilið er samstarfsáætlun leik- og grunnskóla og miðar að því að undirbúa leikskólabörnin sem best undir það að byrja í grunnskóla. Unnin er sameiginleg áætlun fyrir alla leik- og grunnskóla og svo á hver grunnskóli ákveðna samstarfsleikskóla sem þeir vinna nánari áætlanir með. Nemendur leikskólanna koma í skipulagðar heimsóknir í grunnskólann nokkrum sinnum á ári. Koma í frímínútur, matsal og kennslustundir. Kennarar fá sameiginlega fræðslu og fræða hver aðra um starfshætti á hvoru skólastigi fyrir sig. Rætt er um ákveðna þætti sem grunnskólinn leggur áherslu á að börnin hafi kynnst áður en þau koma í grunnskólann og skipta máli fyrir snemmtæka í hlutun. Sem dæmi má nefna markvissa málörvun og rétt grip á skriffærum. Hofsstaðaskóli vinnur náið með þremur leikskólum Hæðarbóli, Lundabóli og Ökrum. Aðstoðarskólustjóri heldur utan um verkefnið á þessari önn og þá tekur deildarstjóri yngri deilda við því.

Mánuður	Viðfangsefni
september	Netfundur: Lögð drög að samstarfi skólaársins og faglegar umræður.
október	Heimsókn í Hofsstaðaskóla þátttaka í samsöng og heimsókn á bókasafnið Tímalengd ca. 1 klst
nóvember/desember	Heimsókn á leikskólana Tímalengd ca. 1 klst
janúar/febrúar	Frístundaheimili Tímalengd ca. 1 klst.
desember/mars	Samvera á sal í boði 2. bekkinga Tímalengd ca. 1 klst
mars/apríl	Brot úr skóladegi Listadagar Tímalengd ca. 2 klst.
maí	Vorskóli Skólaheimsókn þar sem öllum innrituðum nemendum er boðið í skólann frá kl. 14:30-16:00. Tímalengd ca. 1,5 klst.

Úr sjöunda í áttunda

Þegar nemendur ljúka námi í 7. bekk í Hofstaðaskóla þurfa þeir að velja sér annan skóla. Unninn hefur verið verkefili um það val og flutning nemenda á milli skólastiga. Verkefiliinn var endurskoðaður í nóvember 2019.

Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara, námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga.

Með hliðsjón af framangreindu munu grunnskólar í Garðabæ fylgja ákveðnu verkferli þegar hópar nemenda skipta um skóla, t.d. á milli 7. og 8. bekkjar grunnskóla. Þetta verkferli skal birt í starfsáætlun hvers skóla og skal metið reglulega.

Í Garðabæ geta foreldrar valið í hvaða grunnskóla þeir innrita barn sitt. Foreldrar barna sem eru í 7. bekk verða að ákveða í hvaða skóla þeir innrita barnið þegar það byrjar í 8. bekk því að í Flataskóla og Hofstaðaskóla eru nemendur í 1.-7. bekk. Garðaskóli er fyrir nemendur í 8.-10. bekk, Sjólandsskóli fyrir 1.-10. bekk, Álfstanesskóli 1. – 10. bekk og Urriðaholtsskóli með nemendur frá 1.-6. bekk en vex upp um árgang ár hvert þar til hann nær upp í 10. bekk.

Samstarf er á milli skólanna um kynningu á þeim valmöguleikum sem fyrir hendi eru og því er stýrt af skóladeild. Flataskóli og Hofstaðaskóli hafa samstarf við Garðaskóla og Sjólandsskóla varðandi kynningu fyrir nemendur á skólatíma og hvor unglingaskóli fyrir sig sér um kynningu til foreldra og nemenda. Skóladeild samræmir tímasetningar og auglýsir. Í hverjum skóla er skipaður tengiliður sem heldur utan um ferlið og samskipti við hina skólana.

Ferill kynninga og miðlunar upplýsinga vegna flutnings og innritunar nemenda úr 7. í 8. bekk er með eftirfarandi hætti:

Kynningar á skólum

Auglýsingar

Skóladeild, í samráði við skólastjórnendur, ákveður og auglýsir innritun í grunnskóla að vori. Dagsetningar skuli ákveðnar eigi síðar en í janúar. Innritun skal lokið um miðjan mars. Deildarstjóri skóladeildar tekur saman upplýsingar í samráði við grunnskólana varðandi auglýsingar og kynningar skólanna á eigin starfi og birtir í prentmiðlum og á vef Garðabæjar. Skóladeild sendir foreldrum barna í viðkomandi árgangi bréf um innritun í 8. bekk. Garðaskóli og Sjólandsskóli auglýsa kynningarfundi með aðstoð hinna skólanna sem senda kynningarbréf til foreldra.

Kynningarfundir í skólum

Haldnir eru kynningarfundir fyrir nemendur og foreldra í Garðaskóla og Sjólandsskóla í upphafi innritunartímabils í febrúar eða mars. Á fundunum er farið yfir helstu atriði í skólastarfinu og skólahúsnæðið skoðað.

Heimsóknir 7. bekinga

Þegar innritun er lokið bjóða Garðaskóli og Sjólandsskóli þeim nemendum í 7. bekk sem hafa innritað sig í viðkomandi skóla í heimsóknir á skólatíma í samráði við hina skólana.

Markmið þessara heimsóknar er að nemendur komi inn í skólana á skólatíma, fái stutta kynningu frá stjórnendum og nemendum, geti spurt spurninga og upplifi skólabraginn.

Miðlun upplýsinga vegna nemenda

Þegar innritun hefur farið fram og ljóst í hvaða skóla hver fer þá funda deildarstjórar og sérkennarar viðkomandi skóla og í sumum tilvikum umsjónarkennarar. Á þeim fundum er farið yfir nemendahópinn og nauðsynlegum upplýsingum um nemendur miðlað sbr. 5.gr.897/2009.

Gögn er varða einstaka nemendur (greiningar, einkunnir samræmdra prófa o.fl.) eru send í þann skóla sem nemandi hefur verið skráður í. Það sama á við um þá nemendur sem flytjast á milli skóla eftir að skólaár er hafið.

Frístundaheimili

Lengd viðvera er í boði fyrir nemendur í 1.-4. bekk eftir skóla í frístundaheimilinu Regnboganum. Dvöl í frístundaheimili er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Gjaldskrá er háð ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar. Nánari upplýsingar er að finna á vef skólans og á vefsíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Síðdegishressing er innifalin í dvalargjaldinu og er í umsjá starfsmanna Regnbogans.

Í Regnboganum er leitast við að bjóða börnunum upp á hlýlegt, öruggt og notalegt umhverfi sem gerir þeim kleift að rækta hæfileika sína í frístundastarfi. Boðið er upp á margvísleg verkefni sem miða að því að veita börnunum útrás fyrir leik og sköpunarþörf. Með fjölbreyttu val- og klúbbastarfi er leitast við að efla frumkvæði og sjálfstæði barnanna. Börnin njóta einnig aðstoðar við að mæta á íþróttæfingar og fara í *Frístundabílinn*.

Opið er alla skóladaga frá lokum skóladags til kl. 17.00. Í vetrarleyfi og jóla- og páskaeyfi er einnig opið sem og á flestum skipulagsdögum. Lokað verður á sameiginlegum skipulagsdegi leik- og grunnskóla 26. október. Þá er samstarfs- og fræðsludagur starfsmanna frístundaheimilanna.

Skólaárið 2020-2021 starfa 22 starfsmenn í frístundaheimilinu og þar eru skráð alls 203 börn og dvelja þar samtímis um 200 börn. Frekari upplýsingar um frístundaheimilið Regnbogann og starfsemi þess má finna á vefnum: <http://www.hofsstadaskoli.is/Tomstundaheimili>

Mat á skólastarfi og skólaþróun

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirlitsstarfi skóla og skólayfirvalda sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, 10. kafla aðalnámskrár grunnskóla og skólastefnu Garðabæjar frá 2014 er að finna ákvæði um mat á skólastarfi.

Markmið mats og eftirlits er einkum þríþætt. Í fyrsta lagi að fylgjast með að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár. Í öðru lagi að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum. Í þriðja lagi að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.


Í innra mati skal gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá. Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hefur verið náð. Aðferðir við innra mat taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Innra mati skóla skal lýst í skólanámskrá og kynnt í ársskýrslu.

Ytra mat er á ábyrgð mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri skóla. Matið skal byggjast á fjölbreyttum gögnum og upplýsingum s.s. niðurstöðum innra mats og öðrum skriflegum gögnum frá skólum, heimsóknum í skóla og viðtölum eftir því sem við á og athugun á kennslu. Sjálfsmatsáætlanir og skýrslur eru birtar á vef skólans: <http://www.-hofsstadaskoli.is/skolinn/stefnumorkun-og-sjalfsmat/>

Skólaþróun

Starfsmenn Hofstaðaskóla leggja áherslu á fagleg vinnubrögð og að veita nemendum og foreldrum öfluga þjónustu sem byggir á þekkingu og reynslu. Þess vegna er lögð rík áhersla á símenntun starfsmanna og fjölbreytta starfsþróun. Hofstaðaskóli er lærdómssamfélag og er símenntun starfsmanna klæðskerasaumuð að hluta til að þörfum hvers og eins. Markmiðið er að auka möguleika starfsmanna til endurmenntunar og efla fagvitund til þess að skólinn geti gengið í takt við samfélagið til framtíðar.

Uppeldi til ábyrgðar verður innleitt í skólann á komandi árum. Starfsmenn hafa lokið tveimur námskeiðum. Lesið fræðigreinar og bækur í leshópum. Uppeldi til ábyrgðar er verkfæri og vinnurammi sem hjálpar þeim sem í skólanum starfa að ganga í takt og vera besta útgáfan af sjálfum sér. Unnið er með skýr mörk um hegðun og framkomu og leitað leiða til úrbóta. Kjarni UTÁ er að hver og einn taki ábyrgð á eigin hegðun. Unnið verður með skólareglur og leiðir til þess að vinna úr og bæta ef mistök eiga sér stað. Þess er gætt að allir geti fengið sínum þörfum fullnægt án þess að ganga á rétt annarra. Nemendur vinna Bekkjarsáttmála, skilgreina „Mitt og þitt hlutverk“ og greina þarfir sínar og skoða hvernig þeir geta mætt þeim.



Upplýsingatækni er gert hátt undir höfði í skólanum og tækjabúnaður skólans er mjög góður. Upplýsingatækni er mikið nýtt í verkefnavinnu nemenda og verkefnaskil eru með fjölbreyttum hætti. Kennarar verða sífellt leiknari í notkun upplýsingatækni bæði í kennslu og undirbúningi hennar. Unnið er að því að innleiða notkun skýjalausna og forritun er kennd í öllum árgöngum.

Læsi er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og er fjölbreyttum aðferðum beitt við lestrarkennsluna. Foreldrar/forráðamenn eru gerðir ábyrgari og hvattir til aukinnar þátttöku í lestrarnámi barna sinna með góðum upplýsingum, fræðslu og hvatningu. Foreldrar/forráðamenn í 1. bekk sækja sérstakt skyldunámskeið um lestrarnám barna í upphafi skólaárs. Vegna COVID-19 var fyrirlesturinn tekinn upp á myndband og birtur foreldrum/forráðamönnum. Lestrarstefna skólans er í sífelldri endurskoðun og þróun. Stærðfærði og enska eru kennd í færnimiðuðum hópum þar sem hver einstaklingur á að fá aukin tækifæri til þess að njóta sín.

Skólinn er þátttakandi í *Heilsueflandi skóla* og ná þau markmið bæði til nemenda og starfsmanna. Unnið er með þætti eins og vellíðan, hreyfingu, næringu og geðrækt m.a. undir merkjum *Hugarfrelsis*. Hugleiðslu- og slökunaræfingar eru notaðar í auknum mæli og líkar nemendum það vel.

Vinnuaðferðir í anda SKÍN, þróunarverkefnis sem unnið var í samstarfi við Garðaskóla eru áfram í góðu gildi. Það gengur út á að gera námsmarkmið nemenda sýnilegri og að kennsluhættir miði markvisst að því að fleyta nemendum áfram í átt að hámarks hæfni. Því er ætlað að stuðla enn frekar að einstaklingsmiðuðu námi og námshraða. Þar sem verkefnið leiðir til ítarlegri skráningar á markmiðum og námsáætlunum hvers nemenda eykur það líkurnar á aukinni samfellu milli skólastiga.

Kennarar vinna á jafningjagrunni sem samstarfsaðilar og ígrunda starf sitt saman sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta og ánægðari kennara. Verkefnið eykur samræðu kennara um fagleg vinnubrögð. Kennarar fá endurgjöf og hvatningu t.d. með innliti, félagastuðningi og lærdómsgöngu. Verkefninu er ætlað að efla skólana sem lærdómssamfélög og stuðla að faglegri og formlegri vinnubrögðum kennara. Með þessu teljum við að starfsþróun kennara verði markvissari og vinnubrögð verði lýðræðislegri sem leiði til umbóta á skólastarfinu. Skólastjórnendur heimsækja kennslustundir og meta þær út frá fyrirfram ákveðnum þáttum og ræða við kennara í kjölfarið um það hvernig til tókst.

Hofstaðaskóli fékk úthlutun úr þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar. Þau verkefni er hlutu styrk á síðasta skólaári 2019-2020 og verða kynnt á menntadegi í október 2020 eru:

- Stærðfræðistofan. *Ásta Kristjánsdóttir og Bryndís Stefánsdóttir*
- Hittum í mark! – vaxandi hugarfar og markmiðssetning. *Margrét Erla Björnsdóttir, Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Álfstanesskóli*
- Skólabragur líðan nemenda. *Guðrún Helga Sigurðardóttir*
- Hugur sál og heilsa, Vellíðan í skólastarfi. *Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Ásta Kristjánsdóttir*
- Geðrækt og vellíðan. *Námsráðgjafar í Garðabæ.*
- Verkferakistan – KVAN. Skóladeild Garðabæjar
- Láttu tæknina vinna með þér til framtíðar. *Kennsluráðgjafar í Garðabæ*
- Garðabær, bærinn minn - sögurammi. *Arnheiður Ösp og Ásta*
-

Verkefni sem hlutu styrk sl. vor og verða unnin á þessu skólaári.

- Lestrarlyklarnir – *Bryndís Stefánsdóttir og Elín Margrét Kristinsdóttir*
- Snúum okkur að íslenskunni frh. *Bryndís Stefánsdóttir*

- Hittum í mark,- vaxandi hugarfar og markmiðssetning frh. Ásta Kristjánsdóttir og Bryndís Stefánsdóttir.

Símenntun

Símenntunaráætlun eða áætlun um starfsþróun fyrir skólaárið 2020 - 2021 tekur mið af því að uppfylla ákvæði um 102/126/150 stundir í endur- og símenntun kennara. Árlega sækir skólinn um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla og í ár fékkst styrkur sem stendur undir hluta endurmenntunar. Áætlunin er annars vegar samansett af námskeiðum sem skólinn eða skólaskrifstofa stendur fyrir og miðast við að allir eða ákveðnir hópar kennara og starfsmanna taki þátt. Hins vegar er um að ræða endur- og símenntun sem kennarar og starfsmenn velja sjálfir. Verið er að þróa markvisst vinnulag við skipulag og utenumhald um símenntun. Skilgreining á endur- og símenntun er eftirfarandi:

- Námskeið á vegum skólans/skóladeildar – greitt af sveitarfélagi
- Námskeið sem kennarar velja sjálfir og greiða úr Starfsmenntunarsjóði
- Sjálfsnám
- Námssefnisgerð
- Kennsla á námskeiðum

Í Hofsstaðaskóla verða eftirfarandi námskeið á dagskrá skólaárið 2020-2021:

- Verum viðbúin – Skyndihjálparnámskeið 13. Og 14. ágúst – allir starfsmenn
- Sundlaugabjörgun og skyndihjálpar 20. ágúst – íþróttakennarar
- Örnámskeið í upplýsingatækni – allir kennarar
- Viðhorf, jákvæðni og Hvatning 16. september – allir starfsmenn
- Litla upplestrarkeppnin - kennarar í 4. bekk.
- Stóra upplestrarkeppnin - kennarar í 7. bekk.
- Verkfærakistan KVAN - fyrir nýir kennarar
- Nemendur með tvö heimili, stjúptengsl – allir kennarar
- Ættleidd börn – allir kennarar
- Persónuvernd nýir starfsmenn
- Svefn – allir starfsmenn
- Velferð barna í Garðabæ A, - nýir starfsmenn
- Námsstefna SÍ. 11. Október - stjórnendur
- Námsstefna SKÓR febrúar 2021 - stjórnendur
- Mér líður vel í skólanum mínum – allir kennarar
- Vaxtarhugarfar til árangurs – allir kennarar
- Hvernig eflum við færni okkar í krefjandi samskiptum – allir starfsmenn
- Önnur námskeið

Garðabæ 30. september 2020
Stjórnendur Hofsstaðaskóla